

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1009/2010, um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2011.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2011:

A. Tímabilið 1. janúar - 31. maí:

	<i>frítekjumark kr.</i>	<i>efra tekjumark kr.</i>
a. Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	2.575.220	3.981.332
b. Sérstök uppbót, skv. 2. mgr. 9. gr.		
Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót		184.140
Til lífeyrisþega sem ekki fær greidda heimilisuppbót		157.030

B. Tímabilið 1. júní - 31. desember:

a. Endurhæfingarlífeyrir, skv. 1. mgr. 7. gr.	2.575.220	4.095.236
b. Sérstök uppbót, skv. 2. mgr. 9. gr.		
Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót		196.140
Til lífeyrisþega sem ekki fær greidda heimilisuppbót		169.030

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., og 15. tölul. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 51/2011, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 6. júní 2011.

Guðbjartur Hannesson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.